

## Svar

### mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Nichole Leigh Mosty um brottfall nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskóla.

1. Hversu margir nemendur af erlendum uppruna:

- innrituðust í framhaldsskóla,
- útskrifuðust úr framhaldsskóla,  
á árunum 2010–2016 sundurliðað eftir kynjum og skólum?

Við undirbúning að svari við þessari fyrirspurn leitaði ráðuneytið fanga í Innu sem er upplýsingakerfi framhaldsskólanna, í gögnum Hagstofu Íslands og hjá Fjölmeningarsetri. Ráðuneytið hefur ekki í sínum fótum upplýsingar umfram þetta og byggir svarið á fyrirliggjandi gögnum frá framangreindum aðilum.

Þær upplýsingar sem liggja fyrir um a- og b-lið þessa liðar fyrirspurnarinnar má finna í töflu 1.

Tafla 1. Nemendur af erlendum uppruna sem innrituðust árið 2004 og brautskráðust 4 eða 7 árum síðar						
Uppruni	Kyn	Innritaðir árið 2004	Brautskr. 4 árum eftir innritun	Hlutfall eftir 4 ár	Brautskr. 7 árum eftir innritun	Hlutfall eftir sjö ár
Allir nemendur, óháð uppruna	Alls	4.830	2.161	45%	2.961	61%
	Karlar	2.424	911	38%	1.343	55%
	Konur	2.406	1.250	52%	1.618	67%
Enginn erlendur bakgrunnur	Alls	4.228	1.909	45%	2.636	62%
	Karlar	2.146	807	38%	1.199	56%
	Konur	2.082	1.102	53%	1.437	69%
Fædd/ur á Íslandi, annað fœldni erlent	Alls	169	67	40%	97	57%
	Karlar	96	30	31%	48	50%
	Konur	73	37	51%	49	67%
Önnur kynslóð innflytjenda	Alls	5	1	20%	2	40%
	Karlar	2	1	50%	1	50%
	Konur	3	0	0%	1	33%
Fædd/ur erlendis, íslenskur bakgrunnur	Alls	173	107	62%	124	72%
	Karlar	78	45	58%	54	69%
	Konur	95	62	65%	70	74%
Fædd/ur erlendis, annað fœldni erlent	Alls	80	31	39%	48	60%
	Karlar	41	15	37%	25	61%
	Konur	39	16	41%	23	59%
Innflytjandi	Alls	175	46	26%	54	31%
	Karlar	61	13	21%	16	26%
	Konur	114	33	29%	38	33%

Heimild: Hagstofa Íslands 2017.

Upplýsingakerfi framhaldsskólanna, Inna, sem skráir námsferil nemenda hefur ekki að geyma skráningu á uppruna nemenda, en Hagstofa Íslands vann upplýsingar um brautskráningarlutfall nemenda á framhaldsskólastigi eftir uppruna, árin 1995–2011, þar sem nemendur eru flokkaðir í samræmi við skráningu í þjóðskrá. Tafla 1 er unnin úr töflu á vef Hagstofunnar og sýnir nemendur eftir uppruna og kyni, sem innrituðust sem nýnemar í framhaldsskóla 2004 og brautskráðust fjórum og sjö árum síðar, árin 2008 og 2011. Ekki er hægt að greina upplýsingarnar eftir skólum.

Ekki liggja fyrir nýrri upplýsingar frá Hagstofu Íslands, þar sem hægt er að sjá fjölda og hlutfall nemenda af innritunarárgangi sem ljúka námi eða hverfa frá námi eftir tiltekinn tíma. Hagstofan er að vinna að uppfærslu á þessum upplýsingum sem byggjast á nýrri gögnum.

Eins og sjá má í töflu 1 höfðu 45% nemenda með engan erlendan bakgrunn brautskráðst eftir fjögur ár, en 26% nemenda sem skráðir eru sem innflytjendur.

Árið 2015 lét Fjölmeningarsetur vinna upplýsingar um nemendur af erlendum uppruna sem teljast innflytjendur „með það fyrir augum að afla upplýsinga um afdrif þeirra innan framhaldsskólakerfisins“. Þetta var svo endurtekið ári síðar og niðurstöður birtar í skýrslunni „Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi“. Þar kemur fram að árið 2010 „innrituðust 382 einstaklingar, 70 útskrifuðust á 4 árum eða minna og 16 höfðu útskrifast eftir 6 ár (INNA – gagnasafn, 2016). Alls höfðu þá 22% þeirra einstaklinga af erlendum uppruna sem innrituðust í framhaldsskóla úr 2010 innritunarárganginum náð að útskrifast.“

## 2. *Eftir hve langan tíma að meðaltali hætta námi þeir nemendur af erlendum uppruna sem útskrifast ekki úr framhaldsskóla?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um brottfall nemenda eftir uppruna fyrstu ár skólagöngunnar, en tafla 2 er unnin úr töflu á vef Hagstofu Íslands um brautskráningarlutfall og brottfall af framhaldsskólastigi eftir uppruna árin 1995–2011. Tafla 2 sýnir nemendur eftir uppruna og kyni sem innrituðust sem nýnemar í framhaldsskóla 2004 og fjölda og hlutfall þeirra sem höfðu hætt námi fjórum og sjö árum síðar, árin 2008 og 2011.

Tafla 2. Nemendur af erlendum uppruna sem innrituðust árið 2004 en höfðu hætt námi 4 og 7 árum síðar						
Uppruni	Kyn	Innritaðir árið 2004	Höfðu hætt námi, 4 árum eftir innritun	Hlutfall, hættil eftir 4 ár	Höfðu hætt námi 7 árum eftir innritun	Hlutfall, hættil eftir 7 ár
Allir nemendur, óháð uppruna	Alls	4.830	1.331	28%	1.316	27%
	Karlar	2.424	762	31%	788	33%
	Konur	2.406	569	24%	528	22%
Enginn erlendur bakgrunnur	Alls	4.228	1.107	26%	1.101	26%
	Karlar	2.146	658	31%	687	32%
	Konur	2.082	449	22%	414	20%
Fædd/ur á Íslandi, annað foreldri erlent	Alls	169	49	29%	43	25%
	Karlar	96	34	35%	30	31%
	Konur	73	15	21%	13	18%
Önnur kynslóð innflytjenda	Alls	5	3	60%	3	60%
	Karlar	2	1	50%	1	50%
	Konur	3	2	67%	2	67%
Fædd/ur erlendis, íslenskur bakgrunnur	Alls	173	37	21%	36	21%
	Karlar	78	18	23%	18	23%
	Konur	95	19	20%	18	19%
Fædd/ur erlendis, annað foreldri erlent	Alls	80	26	33%	20	25%
	Karlar	41	11	27%	9	22%
	Konur	39	15	38%	11	28%
Innflytjandi	Alls	175	109	62%	113	65%
	Karlar	61	40	66%	43	70%
	Konur	114	69	61%	70	61%

Heimild: Hagstofa Íslands 2017.

Eins og sjá má í töflu 2 höfðu 26% nemenda með engan erlendan bakgrunn hætt námi eftir fjögur ár, en 62% nemenda sem skráðir eru sem innflytjendur.